




Í samanburði við 36 lönd í Evrópu var Ísland það næst dýrasta árið 2020, samkvæmt tölum Eurostat um heildarkostnað einkaneyslu heimilanna, út frá reiknuðum verðlagsmun á milli landa. Ísland og Sviss hafa skipst á að vera dýrustu löndin á síðustu árum. Verðlag hér á landi árið 2020 var rúmlega 40% hærra en almennt að meðaltali í Evrópusambandinu. Heildarkostnaður heimilanna er einungis hærri í Sviss sem vermir efsta sætið og hlýtur titilinn dýrasta land í Evrópu árið 2020 með verðlag nærri 70% hærra en meðaltal ESB. Dýrasta landið þarf að hafa hæstu launin, ekki síst fyrir þá lægst launuðu.

Ísland og Sviss með hæsta framfærslukostnað í Evrópu

Síðan 2016 hafa Ísland og Sviss skipst á að vera dýrustu löndin í Evrópu. Verðlag í Sviss var það hæsta árin 2016, 2019 og 2020 en hæst á Íslandi 2017 og 2018. Árin eftir hrun var verðlag hér á landi töluvert lægra miðað við önnur Evrópulönd, til dæmis var Ísland í 16. sæti árið 2009 af 37 löndum eftir að hafa verið það dýrasta í Evrópu árið 2007 og skipst á við Noreg að verma efsta sætið frá 2005 til 2007. Sé horft lengra aftur í tímann var Ísland um miðjan lista árið 1995, fór hækkandi til 2000 (þegar Ísland fór í annað sæti), lækkaði ögn í kjölfar lægðarinnar eftir netbóluna en hélst jafnan ofarlega meðal fimm hæstu og svo með síhækkandi verðlagi á útrásarárunum sem lauk með vel þekktu hrúni í kjölfarið. Síðan 2009 hefur verðlag hér svo þokast upp á við og fært Ísland aftur á kunnuglegar slóðir.

Heildarkostnaður einkaneyslu heimilanna




Í samanburði við hin Norðurlöndin, sem þó eru ekki mjög langt undan, er Ísland einnig dýrast. Danmörk er nú þriðja dýrasta land í Evrópu og það dýrasta innan ESB, verðlag í Noregi er fimmta hæsta, en Finnland og Svíþjóð skipa 7. og 8. sæti.

Sömu sögu má yfirleitt segja um helstu undirflokkka einkaneyslu heimilanna; matvæli, fatnað og raftæki. Helsta undantekningin á Íslandi er verð á rafmagni og hita, en það er eina neysluvara heimilanna sem er með því ódýrara í Evrópu.

Matur og drykkjarvörur

Matvæli (matur og drykkjarvörur) eru rúmlega 30% dýrari hér á landi en að meðaltali í Evrópusambandinu. Einungis Sviss og Noregur hafa hærra matvælaverð. Hin Norðurlöndin (Danmörk, Finnland og Svíþjóð) eru í 6., 8. og 9. sæti. Þrátt fyrir að vera í hæstu hæðum í dag var matvælaverð herra miðað við önnur Evrópulönd árin fyrir hrun og vermdi Ísland þá efsta sætið frá 2003 til 2006 í þessum flokki. Áfengi og tóbak eru jafnan flokkuð sér en þar er Ísland í 2. sæti á eftir Noregi, með yfir tvöfalt hærri verð en gengur og gerist á evrusvæðinu.


Matur og drykkjavörur



Föt og skór

Fatnaður (föt og skór) er nærri 27% dýrari á Íslandi en að jafnaði í Evrópusambandinu og nánast jafn kostnaðarsamur liður í einkaneyslu heimilanna og í Danmörku, þar sem föt og skór eru dýrust. Þess má geta að fatnaður hefur jafnan verið dýr hér á landi. Til dæmis var Ísland í efsta sæti þessa flokks sérhvert árinna 2003 til 2007, í öðru sæti 2010 til 2013, og svo aftur í fyrsta sæti árin 2014 til 2019. Það var því einungis árin 2008 og 2009 sem verð á fatnaði var hlutfallslega lægra hér, þó ekki meira en svo að það færði landið í 7. sæti árið 2009.


Föt og skór



Raftæki


Raftæki (e. consumer electronics; tölvur, sjónvörp, o.s.frv.) eru dýrust á Íslandi og töluvert dýrari hér á landi en í Serbíu sem er næst dýrast. Raftæki kosta nærri 25% meira á Íslandi en að meðaltali í Evrópusambandinu. Þetta er ekki óvenjulegt í sögulegu samhengi en Ísland hefur alltaf vermt efsta sæti lista þessa flokks frá 2003, að undanskildu árinu 2008. Þá hefur munurinn á milli Íslands og næsta lands þar á eftir yfirleitt verið umtalsverður, eða yfir 20% og jafnvel allt að 40% einstaka ár.

Raftæki



Hið sama má segja um heimilistæki (ísskápar, þvottavélar, o.s.frv.). Ísland er þar næst dýrast – rúmlega 30% yfir meðaltali ESB. Verðlag í hinum Norðurlöndunum er á bilinu 15–20% hærra en í ESB, að undanskildu Finnlandi sem er rétt yfir meðaltalinu. Þegar kemur að vörum fyrir heimilið má einnig nefna að verðlag á Íslandi fyrir húsgögn og annan skyldan heimilisbúnað er það þriðja hæsta eða um 13% yfir því sem þekkest í Evrópu almennt.


Heimilistæki



Ökutæki og farþegaflutningar


Annar flokkur sem er áhugaverður fyrir Íslendinga er kostnaður við kaup á ökutækjum (inniheldur ekki viðhalds-, rekstrar- og eldsneytiskostnað – eldsneyti er flokkað sérstaklega undir flokknum „Rafmagn og hiti“). Almennt er verðlag ökutækja tiltölulega jafnt á milli landa og munurinn yfirleitt innan við 20%. Verð á ökutækjum á Íslandi er það fimmta hæsta í Evrópu (um 12% yfir meðaltali ESB). Norðurlöndin eru ofarlega – dýrust eru ökutæki í Danmörku en af Norðurlöndunum eru þau ódýrust í Svíþjóð (rúmlega 6% undir ESB meðaltalinu).

Ökutæki



Þar að auki gerir landfræðileg staða Íslands það að verkum að farþegaflutningar í lofti, láði og legi eru langsamlega þeir dýrustu í Evrópu eða nærri 80% yfir meðaltali. Noregur og Svíþjóð fylgja næst á eftir með yfir 50% umfram meðaltal og Finnland er ekki langt undan, enda eru þessi lönd síður auðfarin. Danmörk er hins vegar nær meðaltali.


Farþegaflutningar



Gististaðir og veitingahús

Þrátt fyrir að ferðaþjónustan hafi blómstrað hér á landi síðastliðin ár er Ísland með dýrari löndum þegar kemur að veitingastöðum, kaffihúsum, hótelum og öðrum gististöðum. Skömmu eftir hrunið fór Ísland lægst í 14. sæti listans en færðist fljótt aftur upp meðal 10 efstu. Athyglisvert er að Ísland var í efsta sæti öll árin 2003 til 2007 svo ljóst er að gengisfall krónunnar í kjölfar hrunsins greiddi götu mikils vaxtar ferðaþjónustunnar. Hins vegar er líklegra að markaðssetning landsins hafi drifið áframhaldandi vöxt geirans síðustu ár því Ísland var hlutfallslega dýrast árin 2017 til 2019. Fyrir Íslendinga sem aftur á móti vilja ferðast með hagkvæmni í huga væri ráð að skoða vel valin lönd í Suður-Evrópu og á Balkanskaga, eins og Grikkland, Portúgal, Króatíu, o.fl. þar sem verðlag fer vel niður fyrir meðaltal.

Gististaðir og veitingahús



Undantekningin: Rafmagn og hiti

Ólíkt öðrum undirflokkum einkaneyslu heimilanna er Ísland ekki ofarlega á lista þegar kemur að rafmagni og hita (e. electricity, gas and other fuels). Verð á rafmagni og hita er rúmlega 30% ódýrara hér á landi en almennt í Evrópusambandinu og nokkurn veginn á pari við verðlag í Noregi (flokkurinn tekur einnig tillit til annarra orkugjafa, enda er Noregur ríkt af olíu og gasi). Rafmagn og hiti er dýrast í Danmörku - nærri tvöfalt dýrara en á Íslandi. Kostnaður í Svíþjóð og Finnlandi er hins vegar rétt í meðallagi miðað við önnur Evrópulönd. Ísland er því í 24. sæti af 37 löndum innan þessa flokks, eða það 14. ódýrasta í Evrópu árið 2020 þegar rafmagn og hiti eru annars vegar. Þess má geta að árið 2009 var Ísland hlutfallslega með ódýrasta rafmagn og hita í Evrópu.

Ennfremur, sé húsnæðiskostnaður tekinn með í flokkinn, eins og stundum er gert, rýkur Ísland upp listann í 6. sæti með nærri 45% herra verðlag en að meðaltali í ESB. Sviss, Bretland og Lúxemborg eru þar fyrir ofan auk Írlands og Danmerkur. Verð á húsnæði, hita og rafmagni samanlögðum í þessum löndum er yfir 65% herra en að jafnaði í ESB - þar af er Sviss tvöfalt dýrara.

Fyrri hefti af Kjarafréttum (sjá á www.efling.is):

Nr. 1: Barnabætur eru of lágar á Íslandi


Nr. 2: Íbúðaverð hækkar og hækkar - en vaxtabætur lækka og lækka

Nr. 3: Á lengri ævi menntafólks að lækka lífeyri verkafólks?

Nr. 4: Hallarekstur á heimilum láglaunafólks

Nr. 5: Ísland og Sviss með hæsta framfærslukostnað í Evrópu

Rafmagn og hiti



Aðferð

Til að bera saman verðlag í ólíkum löndum er eftirfarandi aðferð beitt. Í fyrsta lagi er miðað við Evrópusambandið (evrusvæðið) sem grunn og er gildið fyrir það sett sem 100 í öllum verðlagsflokkum (gildi yfir 100 þýðir herra verðlag en í ESB að jafnaði, og ófugt). Næst er reiknað út gengi sem kennt er við kaupmáttarjafnvægi eða jafnvirðisgildi (e. purchasing power parity (PPP)) sem í einföldu máli sýnir verðhlutföll á milli landa og er það gengi sem gerir ráð fyrir að allar myntir hafi sama kaupmátt (það gengi sem gerir verð það sama í öllum löndum). Til dæmis, ef hamburgari kostaði 1000 kr. á Íslandi en 5 evrur að meðaltali í ESB þá ætti gengi myntanna að vera 200 krónur fyrir evruna miðað við kaupmáttarjafnvægi - þannig kostaði borgarinn það sama í báðum löndum.

Ef markaðsgengi er hins vegar frábrugðið genginu miðað við kaupmáttarjafnvægi er ástæðan ólíkt verðlag. Væri gengið til dæmis 150 kr. fyrir hverja evru ætti hamburgarinn að kosta 750 kr. hér á landi miðað við kaupmáttarjafnvægi. En þar sem hamburgarinn kostar í raun 1000 kr. á Íslandi er verðlagsmismunur á milli Íslands og ESB upp á 33% ($200/150 - 1 = 33\%$). Í þessu dæmi væri verðið á Íslandi því um þriðjung herra en að jafnaði á evrusvæðinu.

Verðlagsmunur á milli landa má því skilgreina sem hlutfallsmunurinn á gengi miðað við kaupmáttarjafnvægi og skráðu markaðsgengi. Eða með öðrum orðum, munurinn á milli þess gengis sem gerir verðlag jafnt á milli landa og þess reiknaða gengis sem er við lýði í dag má skýra með ólíku verðlagi á milli landa. Í einföldu máli er verðlagsmunur á milli landa því hlutfallslegur munur á raunverulegu verði og verði miðað við jafnan kaupmátt (því verði sem ætti að gilda svo vörur kostuðu það sama).

Heildarverðlagsmismunur á milli landa er svo fundinn með því að endurtaka þetta ferli fyrir allar vörur sem endurspeglar hefðbundna neyslukörfu heimilanna og einstaka vöruflokka. Hafa ber í huga að ýmsir þættir geta spilað inn í verðlagsmælingar en heilt á litið gefur samanburðurinn ágæta mynd af mismunandi verðlagi í Evrópu.

Nánari upplýsingar:

Stefán Ólafsson / stefan@efling.is / sími 891 8656

Höfundur:

Stefán Andri Stefánsson, hagfræðingur